

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 45. fundur.

að Hlíðavegi 6, 23. október 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindisbréf fyrir Skólanefnd.
3. Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga.
4. Bréf Umhverfisstofnunar v/breytinga á aðalskipulagi við Skútustaði II.
5. Sumartónleikar við Mývatn 2008, styrkbeiðni.
6. Erindi frá Bjsv. Stefáni, styrkbeiðni.
7. Samningur við Loftmynd vegna kortagrunna.
8. Samningur við Trésmiðjuna Rein vegna vatnstanks.

Mættir: Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 6, 7 og 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindisbréf fyrir Skólanefnd.

Á fundi sveitarstjórnar 9. október s.l. var frestað afgreiðslu á erindisbréfi fyrir Skólanefnd. Fyrir þessum fundi liggur bréfið hins vegar fyrir í endanlegri mynd.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.

Erindisbréfið er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga.

Fyrir fundinum liggja endurskoðaðar samþykktir fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga. Breytingarnar lúta að því að uppfæra fyrri samþykktir m.t.t. verkefna og breyttrar skipunar sveitarfélaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Samþykktirnar í heild sinni má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. Bréf Umhverfisráðuneytisins v/breytinga á aðalskipulagi við Skútustaði II.

Með búi dags. 13. október staðfestir umhverfisráðherra breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, við Skútustaði II.

5. Sumartónleikar við Mývatn 2008, styrkbeiðni.

Borist hefur bréf frá Margréti Bóasdóttur f.h. Sumartónleika við Mývatn. Með bréfinu er óskað eftir styrk frá Skútustaðahreppi við verkefnið og þess jafnframt getið að Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins hafi boðið Sumartónleikunum samstarfssamning til þriggja ára með árlegu framlagi. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 75.000,-

6. Erindi frá Bjsv. Stefáni, styrkbeiðni.

Með bréfi óskar Kristján Steingrímsson f.h. Bjsv. Stefáns eftir rekstrarstyrk frá Skútustaðahreppi í formi niðurfellingar á fasteigna- og hitaveitugjöldum á húsnæði sveitarinnar að Múlavegi 3.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur sveitarstjóra að gera samning þar um.

7. Samningur við Loftmynd vegna kortagrunna.

Fyrir fundinum liggur samkomulag á milli Loftmynda annars vegar og Skútustaðahrepps hins vegar um leiguafnot og kaup á tölvutækum landfræðilegum gögnum. Umrædd gögn eru nauðsynleg vegna endurskoðunar á aðalskipulagi sveitafélagsins. Sveitarstjóra falið að ganga frá og undirrita samning þar um.

8. Samningur við Trésmiðjuna Rein vegna vatnstanks.

Á fundi sveitarstjórnar 10. apríl s.l. var samþykkt að ganga til samninga við Trésmiðjuna Rein um byggingu vatnstanks. Áætlað var að verkið yrði unnið s.l. sumar. Þar sem ekki tókst að ljúka deiliskipulagsgerð fyrir tankinn í tíma, frestast verkið fram á næsta ár. Fyrir fundinum liggur samningur við Trésmiðjuna Rein sem byggist á frávíkstilboði Trésmiðjunnar í verkið. Breytingar eru gerðar frá því útboð fór fram þ.e. eins og fyrr sagði verkið frestast fram á árið 2009 og samningsupphæðin sem tilgreind var í tilboði verktaka endurreiknast miðað við byggingarvísitölu.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Steinunn Ósk tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.